Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu*, **um sveitarstyrk veittan þurfamanni.** Í brjefi yðar, dagsettu 27. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, látið uppi álit yðar um erindi hreppsnefndarinnar í Neshreppi innan Ennis, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 30. maí f. á., um sveitarstyrk veittan Tómasi nokkrum Jónssyni. **3** 6. jan.

Með því að jeg verð að telja úrskurð yðar rjettan eptir þeim skýrslum, sem fyrir lágu, er hann var kveðinn upp, og jeg get eigi sjeð, að þær upplýsingar, sem fram hafa komið síðan, hafi neina verulega þýðingu, skal hinn umræddi úrskurður yðar standa óhaggaður.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Úrskurður amtsins (brjef til sýslum. í Skaptafellssýslu):

Sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir með brjefi, dags. 22. f. m., skotið til amtsins ágreiningi milli sín og yðar, velborni herra sýslumaður, útaf kröfu Staðarsveitar á hendur hinum forna Dyrhólahreppi, til endurgjalds á framlögðum framfærslukostnaði með Tómasi nokkrum Jónssyni og hyski hans, að upphæð 50 kr. 80 a., og kröfu Neshrepps innan Ennis á hendur sama hreppi, snertandi framfærslu nefnds Tómasar, að upphæð 77 kr., og hefi jeg lagt svolátandi úrskurð á þetta mál.

Tómas Jónsson, sem er viðurkenndur sveitlægur í Dyrhólahreppi hinum forna og sem bjó á Saurum í Staðarsveit fram að fardögum 1900, þá er hann fluttist í Neshrepp innan Ennis, var tekinn til sveitarframfærslu í Staðarhreppi ásamt hyski sínu, konu og 6 börnum, auk tveggja, sem tekin höfðu verið af honum í gustukaskyni, fyrst í janúar 1900, eptir að hann sjálfur hafði beðið um styrk af fátækrafje, og aðsjónargjörð á ástæðum hans hafði framfarið 10. s. m. Hreppsnefndin sagði sýslumanni sínum til um styrkveitinguna, með brjefi, dags. 4. febr. 1900, og nam upphæð styrksins, sem Tómas Jónsson átti að komast af með til vorsins, 50 kr. 80 a. Í fardögum 1900 fluttist hann svo, eins og sagt er, í Neshrepp innan Ennis, og varð þá þegar þurfandi fátækrastyrks handa sjer og hyski sínu; var honum þá veittur styrkur þar, að upphæð 77 kr., eptir beiðni hans og framfarinni aðsjónargjörð, en hreppsnefndin sagði eigi sýslumanni sínum til um styrkveitingu þessa, eða um að Tómas Jónsson væri tekinn til sveitarframfærslu fyr en í brjefi, dags. 18. des. 1900. Tómas Jónsson var ásamt hyski sínu fluttur austur á sveit sína í sept. f. á.

Þau mótmæli hafa komið fram af hálfu hreppsnefndarinnar í hinum forna Dyrhólahreppi og yður á móti styrkveitingunni í Staðarsveit, að styrkurinn hafi eigi verið löglega veittur með því aðsjónargjörðin, sem fram fór 10. janúar 1900, sje í alla staði ónóg og ófullkomin, og sanni ekki styrksþörf Tómasar; enn hefir verið bent á það til vara, að ýmsir liðir reikningsins yfir hinn veitta styrk, sem sje verð á tólg og mör, sjeu mjög ósanngjarnlega metnir til peningaverðs.

Amtið getur alls eigi fallizt á þá mótbáru, sem þannig er komin fram gegn lögmæti styrksins vegna ófullkominnar rannsóknar á ástæðum Tómasar Jónssonar, og verður að álíta, að það sje fyllilega sannað, að hann og hyski hans hafi verið styrks þurfandi, en að því leyti, er snertir hið háa verðlag á tólg, 40 a. fyrir pundið, og á mör 50 a. fyrir pundið, þá fæ jeg eigi sjeð, að tólgin sje of hátt reiknuð, en aptur á móti virðist hæfilegt, að færa niður verðið á mör um 10 a. fyrir hvert pund, eða þá reikninginn um 1 kr. 10 a. fyrir 11 pund af nefndri vöru. Hinn forni Dyrhólahreppur kemst því eigi hjá, að endurgjalda framlag Staðarsveitar, þannig að krafan verði 49 kr. 70 a.

Gegn kröfu Neshrepps innan Ennis hafa þau mótmæli komið fram, að 40 kr. fyrir

3 6. jan. húsnæði, og fóður handa einni kú væri ólöglega veittar, en þótt eftirstöðvarnar, 37 kr., væri ólöglegur fátækrastyrkur, þá hefði verið dregið um nálægt ár, að tilkynna framfærsluhreppnum þessa styrkveitingu, og þessvegna hefir hreppsnefndin í hinum forna Dyrhólahreppi neitað að sinna kröfunni.

Þar sem nú hreppsnefndin í Neshreppi innan Ennis eigi tilkynnti sýslumanni sínum, að byrjað væri að veita Tómasi Jónssyni styrk rjett eptir fardega, fyr en 18. des. 1900, og hún þannig hefir eigi í tæka tíð sent tilkynning um hina umræddu styrkveiting, sem eigi stóð í sambandi við styrkinn, er veittur hafði verið Tómasi í Staðarsveit, eða var áframhald af honum, sbr. meðal annars brjef landshöfðingja 10. marz 1888 (Stjórnartíðindi 1888, B. bls. 57—58), er jeg yður samdóma um, að Neshreppur innan Ennis hafi fyrirgjört rjetti sínum til endurgjalds á þessari kröfu sinni.

Amtið úrskurðar því hjermeð, að hreppsnefndin í hinum forna Dyrhólahreppi greiði til hreppsnefndarinnar í Staðarsveit 49 kr. 70 a., en skuli vera laus við að greiða nokkurt endurgjald á framlagi Neshrepps innan Ennis með Tómasi Jónssyni.

Þetta gefst yður hjermeð þjenustusamlega til vitundar, yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í hinum forna Dyrhólahreppi, og skal eg jafnframt skora á yður, að annast um, að hún greiði þegar fyrnefndar 49 kr. 70 a., sem þjer sendið sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu«.

4 23. jan. **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna yfir Islandi* **um breyting á lántökuleyfi handa Tröllatunguprestakalli.** — Eptir móttöku brjefs yðar, herra amtmaður, og yðar. herra biskup, dagsetts 15. þ. m., vil jeg fallast í það, að breytt sje skilyrðunum í brjefi mínu 11. apríl 1900 um lántökuleyfi handa Tröllatunguprestakalli, þannig að lánið megi taka, þó að vextirnir nemi meiru en 4% árlega, og að taka megi allt lánið í einu lagi, þó með því skilyrði, að aðeins helmingurinn útborgist lántakanda, þegar er lánið verður tekið, en hinn helmingurinn setjist í sparisjóðsbók, er sje undir hendi stiptsyfirvaldanna, sem svo sendi lántakanda fjeð jafnótt og hann hefir unnið jarðabætur þær, sem lánið er tekið til að framkvæma.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

5 27. jan. **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu* **um hlunnindi handa sparisjóði Húsavíkur.** — Utaf beiðni, sem hingað hefir borizt beina leið frá forstöðunefnd sparisjóðs Húsavíkur, vil jeg enn veita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. þ. m. að telja hlunnindi þau, er ræðir um í tilsk. 5. janúar 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi með þeim skilyrðum, *að* trygging sú, sem sparisjóðurinn nú veitir, eigi rýrni, *að* ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningum sjóðsins